

Ed. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1955 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1955 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka vitagjald, samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald, lestagjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- c. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
- d. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla, 2. gr., með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða nógildandi lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1954 með viðauka.